



HAFNARFJÖRÐUR

VEFSTEFNA HAFNARFJARÐAR

Vefstefna Hafnarfjarðar

Markmið vefstefnu Hafnarfjarðar er að bjóða upp á notendavæna og góða rafræna þjónustu sem einkennist af þekkingu, ábyrgð og metnaði.

Lögð er áhersla á **vandað upplýsingaflæði**. Allar upplýsingar eiga ævinlega að vera uppfærðar og réttar.

Leiðarljós vefstefnunnar eru:

- Einfaldleiki
- Gæði
- Hraði

Hafnarfjörður rekur fjölda vefsvæða sem bjóða upp á mismunandi þjónustu og ólíkt viðmót en markmiðið er að koma á **heildstæðri notendaupplifun** þannig að notendur þjónustunnar þurfi aðeins að leita á einn vef til að fá upplýsingar og aðgang að rafrænni þjónustu.

Með **einum vef** vill Hafnarfjörður fyrst og fremst leggja áherslu á bættu þjónustu en sýnir um leið ábyrgð í rekstri. Lögð er áhersla á einfaldleika og góða framsetningu upplýsinga svo notendur geti afgreitt sig sjálfir hratt og örugglega en fengið um leið vinsamlegt viðmót.

Vefur Hafnarfjarðar verður **aðgengilegur** öllum með áherslu á þarfir blindra, sjónskertra og annarra sem eiga við fötlun að stríða. Hann verður einnig aðgengilegur í öllum helstu tækjum, snjallsímum og spjaldtölvum og fylgir tækniþróun á hverjum tíma.

Á vefnum verður tekið tillit til þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Lykilupplýsingar um þjónustu og umsóknir sveitarfélagsins verða í boði á **ensku og pólsku**.

Samfélagsmiðlar gegna vaxandi hlutverki í þjónustu og hafa öðlast viðurkenningu sem aðferð til að stuðla að samræðu og auka upplýsingaflæði. Þar eru samskipti óformlegri en í öðrum miðlum en ávallt skal gæta að málfari og kurteisi og fagmennska höfð í heiðri.

Áhersla er á að opna gögn og hafa **vandað og fjölbreytt efni** í formi texta, myndbanda og hljóðs.

Vefstefnunni fylgja **verklagsreglur**. Hún gerir ráð fyrir ritstjóra og ritstjórn auk vefstjóra.

Vefir Hafnarfjarðarbæjar eru á ábyrgð tölvudeildar.